

Starfsgreinaráð	Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina	
Starfsheiti	Söðlasmiður	Löggilt iðngrein
Dagsetning	12. apríl 2022	
Útgáfunúmer	1.0	

Starfalýsing:

Söðlasmiður vinnur að söðlasmiði allt frá fyrstu hugmynd til fullbúinnar vöru og annast viðgerðir og viðhald á reiðtygjum og annarri leðurvöru. Söðlasmiður starfar á verkstæði tengdu verslun, sinnir þjónustu við viðskiptavinum og ráðgjöf og sölu. Hann gætir að góðri umgengni og öryggi við notkun áhalda, véla og efna og vinnur í samræmi við almennar siðareglur.

Hæfnikröfur:

Hefur umfangsmikla þekkingu á tækjum, handverkfærum og efnum sem tengjast söðlasmiði.

Annast nýsmíði, sníður efni og undirbýr fyrir frekari vinnslu, t.d. á reiðtygjum og annarri leðurvöru.

Annast viðhald og viðgerðir á reiðtygjum, t.d. skiptir hann um lóf og móttök, stoppar í dýnur og gerir við höfuðleður. Hann annast breytingar á reiðtygjum, skálmum, töskum og annarri leðurvöru.

Vinnur eftir teikningum og beitir viðeigandi vinnuaðferð hverju sinni. Hann forgangsraðar verkefnum á verkstæði, undirbýr vinnusvæði og setur saman verklýsingar fyrir vörur og verk.

Hefur góð tækni á notkun áhalda og tækja og getur notað tölvutækni við upplýsingaöflun og hugmyndaþróun.

Þekkir orsakir vinnuslysa, nýtir öryggisvarnir og fer eftir reglum um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu.

Fer eftir siðareglum, sýnir virðingu gagnvart faginu og hefur tileinkað sér aðferðir til að hámarka nýtingu efna og þekkir áhrif þeirra á umhverfið.

Er í góðum samskiptum við birgja, samstarfsaðila og viðskiptavinum.

Leiðbeinir af fagkunnáttu og ábyrgð um val á vörum og viðhaldi í samræmi við óskir og tilefni. Hann sýnir þjónustulund þegar hann sinnir viðskiptavinum af lipurð og háttvísi.

Getur reiknað út verð á vöru og þjónustu og metið arðsemi.

Tjáir sig um fagleg málefni.